

**38. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Strandgötu 38,
11. desember 2018
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Einir Steinn Björnsson (ESB), Aðalsteinn Magnússon (AM), Sigurvin Hreiðarsson (SH), Jóhann Birkir Helgason (JBH) og Bryndís Sigurðardóttir (BS).

Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason

Dagskrá:

1 Stöðuleyfi gáma - 1811017

Tekið fyrir skjal byggingarfulltrúa er varðar útgefin stöðuleyfi á árinu 2018.

Gönguferð frestað vegna veðurs. Ákveðið að fara í vikunni og mynda gáma sem ekki eru með leyfi.

Byggingarfulltrúa falið að senda erindi til þeirra sem ekki hafa sótt um stöðuleyfi / byggingarleyfi fyrir gáma.

2 Guðmundur M. Ástþórsson. Umsókn um lóð, Dunhagi. - 1706039

Tekið fyrir að nýju breyting á aðalskipulagi Dunhaga, erindinu var frestað á 37. fundi Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar þann 6. nóvember sl. þar sem ekki hafði borist upplýsingar frá Orkubúi Vestfjarða um flutning á spennistöð á lóðinni. Nú hafa upplýsingar borist frá Orkubúi Vestfjarða um staðsetningu spennistöðvar.

Sveitarstjóra falið að ræða við umsækjendur um skipulagsmál við Dunhaga.

3 Deiliskipulag við Pollinn - 1811044

Tekið fyrir erindi frá Félagi Pollvina dags. 14. nóvember 2018 þar sem félagið telur þörf á að hafin verði vinna við gerð deiliskipulags á landspildu þeirri sem Tálknafjarðarhreppur hefur til leigu í landi Litla-Laurardals.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd vísar erindinu til sveitarstjórnar. Nefndin bendir sveitarstjórn á að landið er leiguland í landi Litla-Laugarlands.

Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi mætti til fundar undir þessum lið

4 GileyriEysteineyri - Breyting á deiliskipulagi - 1702061

Breyting á deiliskipulagi fyrir athafnasvæði seiðaeldis í landi Gileyrar og Eysteineyri, Tálknafirði tekið fyrir að nýju eftir auglýsingu. Fyrir liggur einnig viðbótar fornleifaskráning vegna breytingar á deiliskipulaginu unnin af Ragnari

Edwardssyni. Tillagan var auglýst frá 24. október til 5. desember 2018. Engar athugasemdir bárust við tillöguna. Umsagnir bárust frá Minjastofnun, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og Vegagerðinni. Umsagnir leiddu ekki til breytinga á auglýstum gögnum.

Gögnum var breytt lítillega eftir auglýsingu þar sem sett var inn ný vegtenging við Tálknafjarðarveg þar sem núverandi vegtenging verður aflögð.

Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd samþykkir breytinguna á deiliskipulaginu og beinir því til sveitarstjórnar að deiliskipulagsbreytingin verði sent til Skipulagsstofnar til afgreiðslu skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Óskar Örn Gunnarsson vék af fundi.

Sigurvin Hreiðarsson vókur af fundi undir þessum lið.

5 Norður-Botn. Umsókn um byggingarleyfi. - 1706009

Tekið fyrir erindi frá Arctic Smolt dags. 7. desember þar sem óskað er eftir breytingum á áður samþykktum teikningum af húsi H3. Breytingar fela í sér að skipulagi viðbyggingar er breytt, í stað lagers koma skrifstofur og önnur þjónusturými. Settir verða gluggar á suð-vestur hlið hússins til samræmis við nýtt innra skipulag.

Byggingar- skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið.

Sigurvin Hreiðarsson kemur inn á fundinn.

6 Fráveitukerfi Tálknafjarðar - 1812008

Tekið fyrir minnisblað byggingarfulltrúa er varðar fráveitukerfi Tálknafjarðar dags. 3. desember 2018 ásamt teikningum.

Byggingarfulltrúa falið að fá tilboð í 40-50 m fráveiturör sem fyrirhugað er að til að tengja Tunguá inn í höfnina. Jafnframt fara í verðkönnun við gröft og niðurlögn. Hafnarstjóra falið að girða af holuna og svæðið þangað til lausn hefur fundist í málinu. Byggingarfulltrúa falið að skrifa minnisblað um málið í samræmi við umræður á fundinum.

7 Könnun um nöfn á nýbýlum - 1812012

Tekið fyrir erindi frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum dags. 27. nóvember 2018 þar sem óskað er eftir upplýsingum um nöfn á nýjum lögbýlum eða nýjum lögheimilum, breytingar á nöfnun býla og rökstuðning eða skýringu á vali nafns.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:55.

Einir Steinn Björnsson (ESB)

Aðalsteinn Magnússon (AM)

Sigurvin Hreiðarsson (SH)